

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Breiðabólstaður II í Reykholtssdal. Nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti nýtt deiliskipulag fyrir Breiðabólstað II í Reykholtssdal, á fundi sínum 13. apríl 2023. Deiliskipulagið tekur til 35 ha svæðis þar sem skilgreint er m.a. íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði auk opinna og óbyggðra svæða.

Urriðaá, frístundabyggð. Deiliskipulagsbreyting.

Skipulagsfulltrúi, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar Borgarbyggðar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi Urriðaár, frístundabyggðar, á fundi sínum 23. maí 2023. Breytingin tekur til heimildar til hækkunar á salarhæð innan einnar lóðar, Brókarstígs 14.

Skipulagsáætlanir þessar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 12. júní 2023.

Drífa Gústafsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júní 2023